

Kirkjufell

Heimildir: Kaflinn um örnefni nr. 1-29 er að stofni til eftir Þorleif Jóhannesson, sömuleiðis kaflinn um örnefni nr. 61-68. Þar á milli er langur kafli, sem að mestu leyti er saminn af Bárði Sveinssyni frá Hálsi í Eyrarsveit. Heimildarmaður ásamt honum var Eggert bróðir hans. Þeir bræður höfðu yfirfarið lýsingu Þorleifs og endursamið hluta af henni. – Auk þessa eru settar innan [] fáeinar athugasemdir, sem Sigríður Jóhannsdóttir skráði eftir Bárði Sveinssyni.

Bárður er fæddur að Hálsi í Eyrarsveit árið 1909 og átti þar heimili til 1932, að hann fluttist til Reykjavíkur. Eggert er fæddur að Hálsi 1906.

[Landamerki milli Háls og Kirkjufells eru óljós, og hefur orðið þræta um þau.]

Kirkjufellsbærinn (húsið) er vestan við **Kirkjufellsvaðal** (1), en sunnan undir **Kirkjufelli** (2). Túnið liggur fram á sjávarbakkana, og stendur húsið niður við sjóinn. Suður frá bænum er kallað **Suðurtún** (3), en **Niðurtún** (4) norður frá bænum.

Í Kirkjufelli var áður tvíþýli og auk þess hjáleiga, sem hét **Kirkjufellskot** (5); nú er einþýli á jörðinni. Þar sem syðri bærinn stóð, er nú kálgarður, sem er vestur frá íbúðarhúsinu. En þar sem nyrðri bærinn stóð, í austnorður frá húsinu, norður undir grjótgardi, sem hlaðinn er um túnið neðanvert (sjávarmegin) til þess að varna landbroti, er nú sléttað. Suður frá kálgarðinum (syðrabæjarstæðinu) gengur breiður bunguvaxinn, en lágur hryggur, sem **Magáll** (6) heitir. Í bakkanum fram undan Magálnum sést á hleðslu út undan bakkanum. Sagt er, að mannabein hafi blásið þar út úr bakkanum. [Þetta hafði Bárður ekki heyrt.]

Norðast í túninu ofarlega er hóll, sem kallaður er **Kothóll** (7). Á honum stóð Kirkjufellskot.

Kirkjufellsland nær að **Búðá innri** (8), sem fellur í **Hellnafellsvaðal** (9) skammt fyrir utan Hellnafell. Litlu utar rennur önnur á; heitir hún **Búðá ytri** (10). Milli ána eru kallaðir **Spottar** (11). Eru það hallandi mýrar, sem upp að hæðum, sem heita **Bungur**

(12). Upp af þeim heita **Bekkir** (13), sem eru grashjallar í fjallinu. Framan við Bungurnar vestanvert heita **Þverhlíðar** (14). Ofan þær fellur lækur, sem fellur í Búðá ytri. Upp frá botni Hellnafellsvaðals gengur dalverpi, sem heitir **Innri-Húsadalur** (15). Neðst í honum eru einhverjar rústir. Fyrir utan hann gengur fram allstórt nes, sem **Styttingsnes** (16) heitir. Er Hellnafellsvaðall austan við það, en Kirkjufellsvaðall að vestan. Fyrir utan nesið, upp af eystra horni Kirkjufellsvaðals, er **Húsadalur, Ytri-** (17). Í honum eru og rústir niður við vaðalsbotninn. Upp af Húsadölunum er breiður dalur, sem **Seljadalur** (18) heitir. Austan við gil sem fellur eftir dalnum, eru **Seltóftir** (19). Gilið heitir **Seljadalsgil** (20). Fellur það vestur í **Kirkjufellsá** (21). Upp af Seljadal og vestur frá honum er **Múlamýri** (22), suður og upp af henni eru dalir, sem **Siggudalir** heita. eru þeir tveir, **Efri-** (23) og **Neðri-** (24). Upp af þeim er klettabelti, sem **Þröskuldur** (25) heitir, og fyrir ofan hann **Hærri-** (26) og **Lægribekkir** (27) [Bárður segir, að alltaf hafi verið sagt **Þröskuldar** (28)]. Sunnan við Siggudali er móbergshryggur, sem **Langihryggur** (29) heitir, er hann framhald af Þröskuldi til austurs. Langihryggur nær niður að Búðá ytri; þar sem áin fellur niður af hryggnum, er foss í henni, sem heitir **Nónfoss** (30). [Pennan foss kannaðist Bárður ekki við. Taldi hann óhugsandi, að hann merkti nón frá Kirkjufelli, og hann sást ekki frá Hálsi, svo að ekki gat hann heldur verið nónmerki þaðan.]

Hátt í fjallgarðinum upp af Langhrygg er allmikið grátt hamrabelti, heitir það **Eldhamrar** (31). Tel ég þá lokið lýsingu innan Kirkjufellsár, en hún fellur ofan frá austurhluta **Helgrinda** (32) í mörgum og fögrum fossum í vestanverðan botn Kirkjufellsvaðals. Tveir neðstu fossar árinna eru rétt ofan við vaðalinn (neðan núverandi þjóðvegur 1978). Nefnast þeir **Kirkjufellsfossar** (33). Upp af túninu til norðurs er **Hálsinn** (34) og þar upp af **Lægri-** (35) og **Hærihjallar** (36). Til suðvesturs af túninu eru **Kirkjufellsmelar** (37), og er hálstaglið, lægsti hluti hálsins, upp af þeim til norðurs. Hálsinn er hallandi niður til suðvestlægrar áttar frá fellinu að fjallgarðinum. Nálægt háhálsinum liggja landamærin milli jarðanna Kirkjufells og Háls. Til suðvesturs frá melnum er mýri, sem nær að **Reiðhól** (38), en hann er sand- eða melhóll. Lá reiðgatan austan við hann, og var oft áð vestan í honum.

Milli Kirkjufellsfossa og Reiðhóls er neðsti hluti **Árholta** (39). Heita svo löng og tiltölulega mjó holt, sem liggja upp með ánni vestanverðri allt upp að **Háholtalæk** (40),

sem á upptök upp í Skurðum (sjá Háls). Rennur hann meðfram Neðri-Háholtum (sjá Háls) og í Kirkjufellsá. Framan lækjarins skammt frá ánni heita **Neðri-Kúalágar** (41), í daglegu tali nefndar **Lágar** (42). **Pvergil** (43) heitir vatnsfall, sem kemur úr Skál (sjá Háls) og rennur á milli Neðri- og **Fremri-Háholta** (44) og Neðri- og **Fremri-Kúalága** (45) í Kirkjufellsá. [Í Kúalágum voru kýrnar oft á beit.] Lengra upp með ánni er komið að mikilli skriðu, sem heitir **Stóraskriða** (46), en upp af henni eru **Gjárnar** (47), sem hún hefri fallið úr. Hærra eru **Kerlingartindar** (48) með **Kerlingu** (49). Framan við Stóraskriðu, upp með ánni, tekur við **Pröskuldadalur** (50) með **Dalsgilinu** (51), sem rennur skáhallt í ána úr suðvesturhorni hans. Leiðin úr dalnum upp á Þröskulda (28) upp með ánni er meðfram tveim fögrum fossum, sem heita **Pröskuldafossar** (52). Suður af Þröskuldum er græn og falleg hlíð. Hún heitir **Hellishlíð** (53), og er **Hellirinn** (54) um miðbik hennar (tveir steinar, er hallast hvor að öðrum, og einn yfir). Austan hlíðarinnar upp með ánni gegnt Hellishlíð heita **Hærri-Þröskuldar** (55), en yfir henni gnæfir **Hellishlíðarhaus** (56). Ofan við hausinn er **Hellishlíðarhaussvatn** (57). Er það heldur lítið vatn, og munu upptök Kirkjufellsárinnar eiga þar sterk ítök.. Helgrindur og snjóar þeirra taka þá við upp á háfjallgarðinn. **Böðvarskúla** (58) er vestan Hellishlíðarhaus, en allmiklu hærra. Er hún bunguvaxin, hálfkúlulaga, allumfangsmikil hæð. Falla (lækir) gil sitt hvorum megin við hana og sameinast neðan við, og heitir það **Þröskuldagil** (59) og rennur í Kirkjufellsá. Vestan Þröskuldagilsins eru tveir óverulegir klettahjallar. Heita þeir **Köst** (60). Um þau liggur leiðin á **Kerlingarhjalla** (61), en þeir eru vestur af og allmiklu hærra en Þröskudalirnir. Vestur af þeim er **Fagrahlíð** (62), en vestar og hærra eru Kerlingartindar, og er Kerlingin stærsti tindurinn. Á háfjallagarðinum rísa Helgrindur allt austan frá móts við Hellishlíðarhaus og vestur á móts við vestanverða Kerlingartinda.

Á Hellnafellsvaðli er sker, sem heitir **Selsker** (63). Út af Styttingsnesi eru sker, sem nefnast **Kálfssker** (64). Fyrir neðan túnið, niður með fellinu, eru mýrar, sem heita **Kilpar** (65). Ná þeir niður að nesi, sem heitir **Melnes** (66). Fyrir neðan Melnes eru mýrahallar, sem kallaðir eru **Kirkjufellsengjar** (67). Neðarlega gengur nes fram af þeim austur í fjörðinn. Er það slétt og grösugt. Heitir það **Króanes** (68). [Líklega af því að lítil rétt (kró) var á þessu nesi.] Fram af Melnesinu er klettur fram á leirunum. Heitir hann **Kirkjufellsklettur** (69). Fyrir neðan **Bæjarlækinn** (70), sem rennur norðan við

Íbúðarhúsið, er flöt, sem kölluð er **Meinþrá** (71). [Nafnið er líklega dregið af því, hve illt var að slá þarna.]

Örnefnastofnun, 1. febrúar 1978,

Sigríður Jóhannsdóttir

[sign.]

Stafrófsskrá örnefna

Árholt 39	Króanes 68
Bekkir 13	Kúalágar, Fremri- 45
Bungur 12	Kúalágar, Neðri- 41=42
Búðá innri 8	Köst 60
Búðá ytri 10	Langihryggur 29
Bæjarlækur 70	Lágar 42=41
Böðvarskúla 58	Lægribekkir 27
Dalsgil 51	Lægrihjallar 35
Efri-Siggudalur 23	Magáll 6
Eldhamrar 31	Meinþrá 71
Fagrahlíð 62	Melnes 66
Fremri-Háholt 44	Múlamýri 22
Fremri-Kúalágar 45	Neðri-Kúalágar 41=42
Gjár(nar) 47	Neðri-Siggudalur 24
Háholt, Fremri- 44	Niðurtún 4
Háholtalækur 40	Nónfoss 30
Háls 34	Reiðhóll 38
Helgrindur 32	Seljadalsgil 20
Hellir 54	Seljadalur 18
Hellishlíð 53	Selsker 63
Hellishlíðarhaus 56	Seltóftir 19
Hellishlíðarhaussvatn 57	Siggudalur, Efri- 23
Hellnafellsvaðall 9	Siggudalur, Neðri- 24
Húsadalur, Innri- 15	Spottar 11
Húsadalur, Ytri- 17	Stóraskriða 46
Hærribekkir 26	Styttingsnes 16
Hærihjallar 36	Suðurtún 3
Hærri-Þröskuldur 55	Ytri-Húsadalur 17
Innri-Húsadalur 15	Þröskuldadalur 50
Kálfssker 64	Þröskuldafossar 52
Kerling 49	Þröskuldagil 59
Kerlingarhjalli 61	Þröskuldur 28=25
Kerlingartindar 48	Þröskuldur, Hærri- 55
Kilpar 65	Þröskuldur 25=28
Kirkjufell 2	Þvergil 43
Kirkjufellsá 21	Þverhlíðar 14
Kirkjufellsengjar 67	
Kirkjufellsfossar 33	
Kirkjufellsklettur 69	
Kirkjufellskot 5	
Kirkjufellsmelar 37	
Kirkjufellsvaðall 1	
Kothóll 7	